

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um gjaldskrá fyrir hafnir nr. 107/1996.

#### 1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,20 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftár en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 30,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 3.215,00 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 2.100,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr., 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 20. febrúar 1996.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

23. febrúar 1996

Nr. 129

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Ytri-Torfustaðahreppi.

#### 1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds, sbr. staflíð c) í 2. gr. samþykktar nr. 635/1995 skal vera kr. 6.000 á ári. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald og ábyrgðartrygging hunds.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar á næsta ári. Gjald-dagi árgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 30. mars.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

#### 2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 2.000 í fyrsta skipti, kr. 4.000 í annað skipti og kr. 6.500 í þriðja skipti.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. febrúar 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*